


Nýting frístundastyrks Kópavogsbæjar árin 2015-2020.

1. Hlutfall barna á aldrinum 5-18 ára sem nýtt hafa frístundastyrk Kópavogsbæjar frá 2015.

- Fram kemur á meðfylgjandi mynd að nýting styrksins hjá þeim börnum sem nýttu styrkinn hefur aukist úr 63,29% árið 2015 í 73,01% á síðasta ári eða um tæp 10%.
- Það sama má segja um hlutfall barna sem sækir um styrkinn ár hvert. Þar er aukningin meiri eða 11,48% þessi 6 ár en náði þó hámarki 2019 þar sem aukningin var 12,62%.
- Ástæða dræmari sóknar í styrkinn á síðasta ári má að einhverju leiti rekja til þess að heimsfaraldur var í gangi lengst af 2020.



2. Leiðir til að virkja þann hóp barna sem ekki eru að nýta sér frístundastyrkinn.

- Aukið framboð íþrótt- og tómstundatilboða fyrir börn og unglinga. Sbr. meðfylgjandi töflu.
- Það birtist meðal annars í mikilli fjölgun samninga við Íþrótt- og tómstundafélög, önnur frjáls félagsamtök, tónlistaskóla/listaskóla sem og líkamsræktar- og sjálfstyrkingarnámskeiðaðila ýmis konar um aðgang að Frískó.
- Sérstakt átak var gert 2018 í að virkja börn af erlendum uppruna ásamt börnum úr félagslega erfiðu umhverfi í íþróttastarf (TUFF verkefnið). Þessu verkefni hefur verið fylgt eftir undir heitinu: "Hvatning til þátttöku í íþróttum og tómstundum". Tilgangur verkefnisins er að tryggja með markvissum hætti að öll börn og unglingar í Kópavogi séu hvött til þátttöku í íþróttum og tómstundum, óháð bakgrunni, uppruna, félagslegum eða efnahagslegum aðstæðum. Í stýrihóp verkefnisins sitja deildarstjóri frístundadeildar, verkefnastjóri grunnskóladeildar og íþróttafulltrúi. Fulltrúi frá velferðarsviði er tengiliður og situr samstarfsfundi. Samstarfsaðilar eru fulltrúar íþróttafélaga í Kópavogi, ásamt fulltrúa velferðarsviðs og skóla/félagsmiðstöðva.
- Frístundastyrkur Kópavogsbæjar hefur frá upphafi verið kynntur reglulega í bæjarblöðum (minnst 2 sinnum á ári) þar sem fólk er hvatt til að nýta styrkinn.

- e. Öll tækifæri eru nýtt til kynningar, má þar m.a. annars nefna að nú 11. mars verður kynning/fyrirlestur fyrir konur af erlendum uppruna um íþróttamál barna í Kópavogi. Þar verður m.a. fjallað um mikilvægi þátttöku barna í íþrótta- og tómstundastarfi, framboð íþrótta fyrir börn og unglinga í Kópavogi og hvernig nýta má Frístundastyrkinn. Fyrirlesturinn er í samstarfi við verkefnastjóra fjölmennningar.

Samningar um Frístundakerfi Kópavogsbæjar			
	Nýir samningar frá 2015	Fjöldi samninga 2015-2020	Hlutfallsleg fjölgun
2015		113	0,0%
2016	3	116	2,7%
2017	11	127	12,4%
2018	12	139	23,0%
2019	6	145	28,3%
2020	12	157	38,9%

3. Hvað hefur breyst frá 2015?

- Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd, hefur nýting frístundastyrks frá 2015 til 2020 aukist í öllum árgöngum, en þó sérstaklega í þeim yngsta og frá 14 ára aldrinum.
- Árið 2015 náðu aðeins 4 árgangar 80% nýtingu en á síðasta ári voru árgangarnir 8 og 5 þeirra nær 90%.
- Þá er stóraukin nýting ungmenna á aldrinum 15-18 ára sérstakt ánægjuefni. Árið 2017 voru námskeið í líkamsrækt og vinsæl tómstundanámskeið fyrir ungmenni samþykkt inn í kerfið.

